

Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu
B.t. starfsmenntunarsjóðs
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

Reykjavík, 6.júní 2023

Efni: Fræðslu- og árshátíðarferð Samgöngustofu til Kaupmannahafnar

Dagana 28. september – 1. október nk. er fyrirhuguð fræðslu- og árshátíðarferð starfsfólks Samgöngustofu til Kaupmannahafnar. Fræðslan felst fyrst og fremst í heimsóknum til systurstofnananna Samgöngustofu í Danmörku en einnig verður fræðsla um netöryggi og heimsókn til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn.

Hér að neðan má sjá dagskrá fræðsluferðar, fræðslan er rétt rúmlega átta klst. dreift á tvo daga:

Fimmtudagurinn 28. september

kl. 16:00 - 18:00 – 2 klst.

Heimsókn í **sendiráðið í Kaupmannahöfn** þar sem Árni Þór Sigurðsson sendiherra mun taka á móti hópnum og kynna vinnu sendiráðsins í Kaupmannahöfn með áherslu á samgöngumál borgarinnar og tengingar við Ísland og Samgöngustofu.

Föstudagurinn 29. september

Kl. 8:30 – Lagt af stað frá hóteli.

kl. 9:15 - 14:00 – 4 klst og 45 mín.

Heimsókn til **Trafikstyrelsen / Danish Civil Aviation and Railway Authority**, kynning á starfsemi Trafikstyrelsen, nánar sagt frá ákveðnum verkefnum hjá stofnuninni og samvinnu við EU. Einnig verður námskeið í netöryggi og störf netöryggisdeildar hjá Trafikstyrelsen kynnt.

Kl. 14:00 – 14:30 – hádegisverður

kl. 14:30 - 16:00 – 1,5 klst.

Heimsókn til danska samgönguráðuneytisins, **Danish Ministry of Transport**, þar sem þeirra stærstu verkefni og áherslur verða kynntar.

Samgöngustofa var búin að senda inn drög af dagskrá og fékk jákvæð viðbrögð frá stéttarfélaginu fyrr í vetur. Það er okkar von að starfsfólk okkar fái þessa dagskrá samþykkt og fái að nýta styrk sinn úr starfsmenntunarsjóði.

Með von um jákvæða úrlausn.

Bestur kveðjur,

Ólöf Friðriksd.

Ólöf Friðriksdóttir, mannauðsstjóri